

Minnisblað

Dreifing
Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur

02.03.2018

Tílefni

Íþróttasvæði í Ásgarði - Aðalvöllur

Endurnýjun á knattspyrnugrasi á
núverandi fjaðurlagi

18121

Höfundur

Vilhjálmur Árni Ásgeirsson

Yfirlit

Í kjölfar útboðs á endurnýjun knattspyrnugrass á núverandi aðalvöll Stjórnunnar í Ásgarði hefur annar bjóðenda lýst yfir efasemdum um gerð útboðsgagna.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir forsendum útboðsins, almennri uppbyggingu gervigrasvalla og hvers vegna beðið var um viðkomandi uppbyggingu í útboðsgögnum.

Íþróttasvæðið í Ásgarði

Á íþróttasvæðinu í Ásgarði eru nú átta vallarsvæði. Þar af eru tveir sparkvellingir næst Flataskóla, stærri sparkvöllur við gafl norðan sundlaugar, hálfur æfingavöllur milli sparkvalla og aðalvallar, aðalvöllur framan við stúku, nýr æfingavöllur næst Flataskóla við Stekkjaflið, æfingavöllur sunnan aðalvallar og nýr æfingavöllur neðan Löngufitjar.

Aðalvöllur Stjórnunnar frá árinu 2004 er fyrsti völlur í efstu deild sem lagður var með knattspyrnugrasi. Síðan þá hefur íþróttasvæðið þróast hratt og þeir vellingir bæst við sem getið er um hér að ofan. Árið 2012 var knattspyrnugrasið á aðalvöllinum endurnýjað og var þá ákveðið að velja kerfi með fjaðurlagi (púða) sem nýta mætti á ný við endurnýjun knattspyrnugrassins í framtíðinni. Í dag er uppbygging allra vallanna sú sama, um 40mm innfyllt knattspyrnugras með sandi og gúmmí sem liggur ofan á 25mm staðsteyptu fjaðurlagi (gúmmípúða).

Útboðsgögn – umbeðið knattspyrnugras

Á núverandi aðalvelli Stjórnunnar fara fram æfingar og keppnisleikir í kvenna- og karlaknattspyrnu þám. keppnisleikir á vegum alþjóðaknattspyrnusambandsins (FIFA) sem Stjarnan hefur tekið þátt í. Í ljósi þessa eru þær kröfur gerðar í útboðsgögnum að umbeðið knattspyrnugras og uppbygging heildarkerfis sem óskað er eftir sé samþykkt af FIFA og að bjóðandi geti sýnt fram á prófunarskýrslu óháðra aðila þess efnis.

Í dag eru ýmis knattspyrnugraskerfi í boði á keppnisvelli í fullri stærð. Ráðandi hafa verið kerfi sem eru með samsettri innfyllingu úr sandi (e. „stabilising infill“) og gúmmí (e. „performance infill“). Farg sandsins tryggir stöðugleika grassins, að það haldist kyrrt og og skríði ekki fram. Gúmmíð á að tryggja boltahegðun líka og á náttúrugrasi. Framleiðendur bjóða mismunandi samsetningu þessara innfylliefna eftir þeim kerfum sem í boði eru. Í

Íjosi þess að sandur er alltaf sömu gerðar hjá framleiðendum, verksmiðjuframleiddur silicia sandur, hefur ekki verið talin þörf á að tilgreina hann sérstaklega í útboðsgögnum og hafa ekki komið athugasemdir við það fyrr þar sem bjóðendur hafa gert ráð fyrir honum og boðið heildarefni í samræmi við það. Öðru máli gegnir um gúmmíinnfyllinguna þar sem skilgreina þarf sérstaklega gerð gúmmís. Þar koma nokkrar gerðir til greina ss. SBR dekkjagúmmí sem hætt er að nota í nýrri velli á Íslandi, EPDM grátt endurunnið iðnaðargúmmí, sem notað hefur verið æfingavöllunum í Ásgarði og EPDM Virgin eins og beðið er um í útboðsgögnunum. Þetta gúmmí er verksmiðjuframleitt sérstaklega til nota í knattspyrnugras og er besta gúmmíð sem í boði er og jafnframt það dýrasta. Verkkaupi óskaði ekki eftir öðru innfylliefni fyrir aðalvöllinn og því var ekki gefinn kostur á öðrum innfylliefnum í útboðsgögnum.

Til upplýsingar fylgir hér listi yfir æfinga- og keppnisvelli í fullri stærð sem lagðir hafa verið í seinni tíð á Íslandi:

	[ár]	Framkvæmd	Framleiðandi	Uppbygging	Innfylling
Kópavogur - Fífan	2013	Endurnýjað	FieldTurf	Ekki púði	EPDM R
Reykjavík - Valur - Hlíðarendi	2014	Nýtt	FieldTurf	Á púða	EPDM R
Reykjavík - Þróttur - Laugardalur	2015	Endurnýjað	Polytan	Á púða	EPDM R
Reykjavík - Egilshöll - Innanhúss - Grafarvogur	2015	Endurnýjað	Polytan	Á púða	EPDM R
Garðabær - Álftanes	2015	Nýtt	Polytan	Á púða	EPDM R
Reykjavík - KR völlur - Vesturbær	2016	Endurnýjað	Edel Grass	Á púða	EPDM V
Reykjavík - Fylkisvöllur - Árbær	2016	Endurnýjað	Edel Grass	Á púða	EPDM V
Reykjavík - Víkingur - Fossvogur	2016	Endurnýjað	Edel Grass	Á púða	EPDM V
Akureyri - Boginn	2016	Endurnýjað	Polytan	Á púða	EPDM V
Seltjarnarnes - Gróttu	2016	Endurnýjað	FieldTurf	Á púða	EPDM R
Reykjavík - ÍR - Breiðholt	2017	Endurnýjað	Polytan	Á púða	EPDM V
Reykjavík - Leiknir - Breiðholt	2017	Endurnýjað	Polytan	Á púða	EPDM V
Reykjavík - Fram - Safamýri	2017	Endurnýjað	Polytan	Á púða	EPDM V
Reykjavík - Egilshöll - Utanhúss - Grafarvogur	2017	Endurnýjað	Polytan	Á púða	EPDM V
Akranes - Akraneshöllin	2017	Endurnýjað	Polytan	Á púða	EPDM V
Garðabær - Ásgarður - Æfingavöllur	2017	Endurnýjað	Polytan	Á púða	EPDM R
Mosfellsbær - Varmá	2017	Endurnýjað	Polytan	Á púða	EPDM R
Kópavogur - Kórinn	2017	Endurnýjað	Polytan	Ekki púði	EPDM V

Allir þessir vellir eru með vottuðu FIFA knattspyrnugrasi. Þeir eru allir með innfyllingu sem samanstendur af mismunandi hlutföllum af silicia sandi og annarri tveggja EPDM gúmmíefna. Sérhæfðir framleiðendur þessara efna geta sýnt fram á að vörur þeirra uppfylli allar kröfur fyrirbyggjandi staðla, þám. heilbrigðisstaðla.

Að lokum

Því knattspyrnugrasi sem lýst hefur verið hér að ofan er að finna í ríkum mæli á Norðurlöndum og í Evrópu. Líkt og á Íslandi er í þessum löndum lögð mikil áhersla á að knattspyrnugraskerfin hafi ekki heilsuspillandi áhrif á notendur og þurfa framleiðendur efnanna að sýna fram á vottorð um efnainnihald þeirra og staðfestingu um að þau uppfylli fyrirbyggjandi staðla á hverjum stað á sama hátt og kröfur eru gerðar um á Íslandi.

Í útboðum er algengt að einstakir bjóðendur telji sig vera að bjóða bestu vöruna. Kröfur sem útboðsgögnin í Ásgarði leggja fram eru byggðar á sameiginlegum óskum Garðabæjar og Stjórnunnar sem byggja á reynslu þeirra af áralangri notkun og rekstri knattspyrnugrasvalla. Í ljósi fyrri útboða eru margir sem geta boðið slíkar lausnir. Ljóst er að ýmsar aðrar góðar lausnir bjóðast sem henta ekki verkkaupa og ekki er beðið um og koma því ekki til greina.

Vilhjálmur Árni Ásgeirsson